

# REGINN HF.

kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi („félagið“)

---

## Skýrsla stjórnar samkvæmt b-lið 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög

Skýrsla þessi er gefin út í tengslum við eftirfarandi tillögu stjórnar félagsins, til breytinga á 4. gr. samþykktu þess, sem lögð verður fram á hluthafafundi í félaginu sem boðaður hefur verið þann 12. október næstkomandi:

*„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 1.670.351.049 að nafnverði með áskrift nýrra hluta til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutafé í Eik fasteignafélagi hf. Áskriftargengi hinna nýju hluta skal vera í samræmi við skilmála valfrjálsa yfirtökutilboðsins. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórn félagsins er enn fremur heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimildin skal gilda í tólf mánuði frá samþykkt.“*

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög ber stjórn að leggja fram skýrslu þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum sem hafa orðið eftir að síðustu reikningar voru birtir.

Stjórn staðfestir að ef frá er talið valfrjálst yfirtökutilboð félagsins í allt hlutafé í Eik fasteignafélagi hf., sem lagt var fram 10. júlí síðastliðinn, hafi engar þær breytingar orðið frá birtingu uppgjörs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 sem verulegu máli skipta um fjárhagsstöðu félagsins.

Afrit af ársreikningi félagsins fyrir árið 2022 og árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 má nálgast á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur).

Skýrsla þessi er rafrænt undirrituð með fullgildum rafrænum undirritunum stjórnarmanna félagsins í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Kópavogi, 20. september 2023

Stjórn Regins hf.